

# NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

---

Sent iðnaðarnefnd Alþingis

Reykjavík 30. janúar 2003  
2002110014/016-1  
HT/hj

## Þingsályktunartillaga um neysluvatn

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur borist bréf yðar, dags. 14. nóvember 2002, þar sem óskað er eftir umsögn stofnunarinnar um þingsályktunartillögu um neysluvatn.

Náttúrufræðistofnun fagnar því að vakin sé athygli á mikilvægi neysluvatns. Samt er ýmislegt í þingsályktunartillögunni og greinargerð við hana sem stofnunin vill gera athugasemdir við.

Í fyrsta lagi er orðið "neysluvatn" ekki skilgreint í þingsályktunartillögunni. Þetta er bagalegt þar sem í greinargerð er stundum átt við drykkjarvatn en stundum átt við alla notkun vatns bæði til neyslu og annarra nota. Í greinargerðinni er bent á skilgreiningu í lögum nr.93/1995 um neysluvatn sem "matvæli" og vatnsveitur sem "matvælafyrirtæki". Í nýrri reglugerð um neysluvatn 536/2001 er það skilgreint sem *vatn í upphaflegu ástandi eða eftir meðhöndlun, án tillits til uppruna þess og hvort sem það kemur úr dreifikerfi, tönkum, flöskum eða öðrum ílátum og ætlað er til neyslu, eða matargerðar. Einnig allt vatn sem notað er í matvælafyrirtækjum, nema unnt sé að sýna fram á að gæði þess vatns sem notað er hafi ekki áhrif á heilnæmi framleiðslunnar*. Það er of þröngt að skilgreina neysluvatn sem drykkjarvatn eingöngu sbr. umfjöllun í greinargerðinni. Ef til vill mætti nota víðari skilgreiningu á neysluvatn til samræmis við tilgang þingsályktunarinnar t.d. *ferskvatn sem maðurinn notar sér til viðurværis, viðhalds og til annarra þarfa svo sem til baða, þvotta, hreinsunar, iðnaðar og landbúnaðar (þmt. fiskeldis)*. Þá er rétt að benda á að vatn er nauðsynlegt öllu lífi og mikilvægi þess er því mun víðatækara en fram kemur í greinargerðinni.

*Þingsályktunin er í þremur liðum:*

**Liður a)** fjallar um að "neysluvatn verði skilgreint sem auðlind í lögum". Neysluvatn er dýrmætt og það er rétt sem bent er á í greinargerð að hér á landi er mikið af góðu vatni. Það er þó ekki eins sjálfsgagt og virðist við fyrstu sýn að skilgreina neysluvatn sem "auðlind". Slíkt stangast á við umfjöllun í greinargerðinni sem segir að "hlutar náttúrunnar verði ekki skilgreindir sem auðlind fyrr en þeir gegni einhverju skilgreindu hlutverki í efnahagsstarfssemi mannlegs samfélags eða í neyslu einstaklinga". Ónýttar ferskvatnslindir eru samkvæmt þessum skilningi ekki ennþá neysluvatn og því ekki "auðlind" og myndu ekki falla undir lögina. Hver ætti að hafa umsjón með þeim? Skilgreining neysluvatns sem "auðlindar" þýddi einnig að umsjón þess flyttist til iðnaðarráðuneytis sem verður að teljast hæpið sbr. hér fyrir neðan.

**Liður b)** fjallar um að málefni neysluvatns "verði vistuð á einum stað í stjórnsýslunni". Það er að mörgu leyti skynsamlegt en þó verður að hafa í huga að neysluvatn skiptir alla miklu máli og að full sátt þarf að ríkja um stjórnsýslu um neysluvatnsmál. Það virðist langsótt og óeðlilegt að vista neysluvatnsmál hjá Orkustofnun sem á skv. uppkasti af raforkulögum og lögum um Orkustofnun (stjórnsýsluhlutinn) aðallega að sjá um verðlagsmál raforku, eftirlit með töxtum, úthlutun niðurgreiðslna o.þ.h. Mun eðlilegra væri að vista neysluvatnsmál hjá stofnun sem fjallar um umhverfismál og hollustuhætti, þ.e. hina nýju Umhverfisstofnun sem sett var stofn sl. áramót.

**Liður c)** fjallar um að stuðla "að útflutningi á fersku neysluvatni í samstarfi við vatnsútflutningafyrirtæki og sveitarfélög". Það ætti varla að þurfa að taka fram að vatnið sé "ferskt". Í greinargerð er bent á að þessi útflutningur sé þegar fyrir hendi en gefi ekki mikið í aðra hönd. Mikil samkeppni er á vatnssölumarkaði og ekki sjálfgefið að um mikla gróðalind sé að ræða enda er vatn ódýr vökvi. Ekki verður séð af hverju ríkið á að skipta sér að slíkum útflutningi á annan hátt en sem eftirlitsaðili og þá liggur beint við að fela Umhverfisstofnun umsjón með málaflökknum og ákveða hvernig eftirliti er best háttað.

Náttúrufræðistofnun Íslands gerir eftirfarandi athugasemdir við **Greinargerð** með þingsályktunartillögunni:

- Greinargerðin er óþarflega löng, ómarkviss og stundum ónákvæm.
- Lagt er til að orðið "ekki" verði strikað út úr fyrstu setningunni. Jafnvel dýr merkurinnar gera sér ljósa hina "merku auðlind" sem felst í fersku lindarvatni.
- Tekið er undir að fylgjast þarf með gæðum og magni neysluvatns og stýra notkun þess og virkjun þar sem ástæða er til. Þá er bent á að mikilvægt er að kortleggja linda- og grunnvatnssvæði, kanna umhverfisaðstæður og skipuleggja hvernig hindra má mengun og rýrnun vatnsgæða.
- Eins og fram kemur hér að ofan, fellst Náttúrufræðistofnun Íslands ekki á að "eðlilegt sé að fela Orkustofnun" stjórnsýslu með neysluvatni. Orkustofnun er auk þess væntanlega að klofna í 2-3 stofnanir sem að hluta til verða einkavæddar. Það er afar hæpið að vöktun, eftirlit og gagnasöfnun með svo lífsnauðsynlegri auðlind verði á almennum markaði. Ennfremur ef vista á málefni neysluvatns á "einum stað í stjórnsýslunni" ættu gæðamál og eftirlit einnig að vistast á þeim stað, en Umhverfisstofnun hefur það hlutverk. Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga, undir yfirumsjón Hollutstuverndar ríkisins (Umhverfisstofnunar), hafa nú þegar umsjón með gæðum neysluvatns skv. reglugerð 536/2001. Að lokum má ítreka að það er ekki aðeins "þjóðin" sem nýtir ferskvatn heldur lífríkið allt. Þessvegna væri rétt auka vægi Náttúrufræðistofnunar Íslands í vöktun á ferskvatni.
- Ástæða þess að landeigendum er í eigin landi "heimil vatnstaka án leyfis iðnaðarráðherra allt að 70 l/sek. þótt 10 l/sek. séu taldir nægja fyllilega fyrir venjulegan búrekstur" er aukin áhersla á fiskeldi, en vatnspörf fiskeldisstöðva er mun meiri en til hefðbuninna landbúnaðargreina.
- Setningarnar "Þá er nítrat **ekki** í íslensku grunnvatni" og "magn nitrats er á bilinu 0,1-0,13 mg/l" stangast á.
- Setningarnar "Í mörgum löndum er klórbragð af vatni enda er það klórblandað" og "Arsenik er náttúrulegt efni í jarðvegi víða." eru óþarfar enda ekki útskýrt hvað þetta kemur málinu við.
- Bent er á að "Ísland er ferskvatns auðugasta land veraldar, með 666.667 m<sup>3</sup> á mann á ári". Þetta er sennilega ekki rétt, því t.d. Grænland á meira af ferskvatni, þótt það sé að vísu frosið þessa stundina. Þá er Ísland aðeins ferskvatnsauðugasta landið ef miðað er við mannfjölda.
- Verðreikningar á vatni á Íslandi eru miðaðir við árið 1994 (20-40 kr/tn) en auðvelt hefði verið að fá nýrri tölur. Þá er hæpið að meta verð pr. sek. fyrir allt grunnvatn sem rennur í byggð (400.000 l/sek) og reikna ýmsar upphæðir

út frá því. Í þessum útreikningum gleymast kostnaðarliðir s.s átöppun, flutningur o.fl. Í hverju tilviki þarf að setja upp rekstraráætlun, kostnað og hagnað. Ef verðmæti grunnvatnsins á Íslandi er 500 milljarðar (500.000 millj. kr) á ári er erfitt að skilja af hverju útflutningur hefur gengið eins erfiðlega og raun ber vitni.

- Í sama kafla segir að "Taka þarf vatn við uppkomustað ef vel á að vera, t.d. undan hrauni nálægt sjó." Ef það er krafan mun ekki vera um marga staði að ræða á landinu til að taka vatn. Ekki er skynsamleg að taka upp vatn undan hraunum á Reykjanesi því þar er grunnvatn salt nema í þunnu lagi ofarlega í berginu. Einnig má benda á að vatnstaka Reykjavíkur er ekki við uppkomustað linda heldur um borholur í Heiðmörk. Það þykir betra að taka vatn upp um borholur en úr náttúrulegum lindum því þar er minni hætta á mengun og frágangur auðveldari.
- Þegar verið er að miða vð að taka t.d. 5000 l/s af vatni til útflutnings er rétt að benda á að það magn er nálægt meðalrennsli Elliðaáanna. Svo mikil vatnstaka getur haft afgerandi áhrif á lífríkið, þótt vatn sé tekið af nokkrum stöðum, og er því alls ekki sjálfsögð.
- Í kafla um vatnsnotkun er talað um "12 millj. lítra til viðskiptalífsins". Betra orðalag er "12 millj. lítra til annarra nota (en til iðnaðar, ríkis og almennings)."

Náttúrufræðistofnun leggur til að "Umhverfisstofnun" komi í stað "Orkustofnunar" í þingsályktunartillögunni og að Náttúrufræðistofnun Íslands verði falin vöktun grunnvatns og lindavatns, enda falla þau verk vel að skilgreindu hlutverki stofnunarinnar.

Virðingarfyllst,

Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS